

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Selfoss 1987-2007.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 25. maí 1993 staðfest breytingu á aðalskipulagi Selfoss 1987-2007, er staðfest var 29. ágúst 1988.

Breytingin felst í því að ekki er lengur gert ráð fyrir tengibraut ármegin byggðar norðan Eyrarvegar. Árbakkasvæðið milli kirkju og vöruhúss K.Á., norðan Hótelis Selfoss, verður útivistarsvæði án vegstæðis undir Ölfusárbrú. Þá verður gert umferðarhringtorg á mótum Eyrarvegar og Austurvegar.

Breytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Bæjarstjórn Selfoss hefur samþykkt breytinguna og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hana til staðfestingar ráðherra.

Umhverfisstjórnuneytið, 25. maí 1993.

Eiður Guðnason.

Magnús Jóhannesson.

25. maí 1993

Nr. 216

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Dalvíkur 1992-2012.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 25. maí 1993 staðfest aðalskipulag Dalvíkur 1992-2012.

Uppdráttur ásamt greinargerð hefur hlotið þá meðferð sem mælt er fyrir um í skipulagslögum nr. 19/1964. Bæjarstjórn Dalvíkur hefur samþykkt aðalskipulagið og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt það til staðfestingar ráðherra.

Jafnfram fellur úr gildi aðalskipulag Dalvíkur sem staðfest var 3. maí 1982, ásamt síðari breytingum.

Umhverfisstjórnuneytið, 25. maí 1993.

Eiður Guðnason.

Magnús Jóhannesson.

25. maí 1993

Nr. 217

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010, staðgreinireitur 1.193.

Samkvæmt ósk borgarráðs Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 24. mars 1993 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.